

Mál nr. 69/2025

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V1)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis.

Skráningarnúmer ökutækja: (A) og (B).

Sönnun. Umfang tjóns.

Gögn.

1. Málskot móttakið 12. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
2. Athugasemdir V2, dags. 17. febrúar 2025, ásamt fylgiskjölum.
3. Athugasemdir V1, dags. 6. mars 2025
4. Viðbótarathugasemdir M, dags. 6. mars 2025.

Málsatvik.

V1 mótmælir því ekki að fyrir hendi sé bótaréttur í málinu enda sé ágreiningslaust að bifreiðin B, sem var ábyrgðartryggð hjá V1, olli tjóni á bifreiðinni A 28. desember 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvaða skemmdir á A megj rekja til þess áreksturs.

Í málskoti er m.a. að finna ljósmynd af A sem M byggir á að sýni fram á skemmdir á A sem annars vegar megj rekja til árekstursins 28. desember 2024 og hins vegar til eldra tjóns. M byggir því á að ljósmyndin sýni fram á hvert umfangs tjóns af völdum árekstursins 28. desember 2024 sé. Nefndin fær ekki betur séð að umrætt ljósmynd sé sú sama og er að finna í fyrirliggjandi skýrslu Áreksturs.is. Hins vegar er ekki í þeirri skýrslu að finna frekari umfjöllun um það hvert sé umfang tjóns á A af völdum árekstursins 28. desember 2024 og hvert sé umfang fyrra tjóns á A.

Í athugasemdum V1, dags. 6. mars 2025, er á því byggt að gögn málsins sýni að umtalsverðar eldri skemmdir hafi verið á A fyrir áreksturinn 28. desember 2024. Telur V1 að M hafi því ekki sýnt fram á hvaða skemmdir séu af völdum árekstursins 28. desember 2024 og hvaða skemmdir hafi verið til staðar fyrir þann árekstur. Að auki bendir V1 á að M hafi ekki lagt fram neina kröfu á hendur félaginu vegna umrædds áreksturs. Þá tekur V1 fram að félagið hafi fengið upplýsingar um að búið sé að óska eftir að Árekstur.is taki málið til skoðunar með það að leiðarljósi að meta hvaða tjón var á bílnum fyrir áreksturinn. Sú skýrsla hafi hins vegar ekki borist. V1 byggir á því að ekki séu forsendur til að greiða bætur á grundvelli fyrirliggjandi gagna.

Í viðbótarathugasemdum M, dags. 6. mars 2025, eru fyrri rök ítrekuð með vísan í fyrirliggjandi ljósmynd.

Álit.

Ágreiningslaust er að bifreiðin B olli tjóni á bifreiðinni A 28. desember 2024. Hins vegar greinir aðila á um hvort það liggi fyrir hvert sé umfang tjóns á A vegna þess áreksturs. Nefndin bendir á að það er M að sanna umfang tjóns á A sem leiða má til árekstursins 28. desember 2024. Nefndin telur að M hafi ekki tekist að sýna fram á þetta. Hér dugar að mati nefndarinnar ekki sú ljósmynd sem er að finna í skýrslu Áreksturs.is., enda er þar ekki að finna neina raunverulega umfjöllun um hvert sé umfang þess tjóns á A sem rekja má til framangreinds áreksturs.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 6. maí 2025.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir